



# ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

**Stefna Íslenskra verðbréfa hf. um framkvæmd  
viðskiptafyrirmæla**

## 1. Tilgangur

Í samræmi við 18. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti ber Íslenskum verðbréfum (ÍV) að setja sér stefnu um framkvæmd víðskiptafyrirmæla. Með stefnu þessari er gerð nánari grein fyrir helstu áherslum ÍV í þeirri viðleitni að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir hönd víðskiptavina, annað hvort þegar framkvæmd eru fyrirmæli víðskiptavinar eða þegar fyrirmæli eru móttækin og þeim miðlað til þess aðila sem framkvæmir víðskiptin. Tilgangur þessa skjals er að láta víðskiptavinum í té upplýsingar um stefnu fyrirtækisins um framkvæmd víðskiptafyrirmæla.

## 2. Umfang

Stefna þessi gildir eingöngu þegar fyrirmæli frá víðskiptavinum ÍV varða fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Stefnan á við þegar ÍV:

- (i) tekur á móti fyrirmælum víðskiptavina og miðlar þeim
- (ii) framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd víðskiptavinar

ÍV framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd víðskiptavinar, þegar hann með lögmætum hætti treystir á ÍV til að gæta hagsmuna sinna með tilliti til verðlagningar, eða annarra víðskiptaþátta sem kunna að vera háðir því hvernig ÍV framkvæmir fyrirmælin.

## 3. Besta framkvæmd

Þegar framkvæmd eru víðskiptafyrirmæli fyrir hönd víðskiptavinar, með fyrirvara um ákveðin fyrirmæli sbr. lið 8, munu allar viðeigandi ráðstafanir gerðar til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir hann, með því að taka mið af þeim framkvæmdaþáttum sem skráðir eru í lið 4.

## 4. Framkvæmd víðskiptafyrirmæla

Þeir framkvæmdaþættir sem teknir eru með í reikninginn eru: verð, kostnaður, líkur á framkvæmd og uppgjöri, stærð, eðli fyrirmæla, eða sérhvert annað álitamál sem tengist framkvæmd fyrirmælanna.

Við venjulegar aðstæður vega verð og kostnaður alla jafna þyngst í viðleitni til að ná bestu mögulegu niðurstöðu. Aðrir framkvæmdaþættir en verð og kostnaður kunna í undantekningartilfellum að vega þyngra við mat á því hvernig ná megi bestu mögulegu niðurstöðu sbr. t.d. sérstakir hagsmunir víðskiptavinar, fyrirmæli hans, tegund fjármálagerninga eða markaðar.

ÍV ákvarðar hlutfallslegt mikilvægi framkvæmdaþáttanna á grundvelli fyrirliggjandi staðreynda. Ákvarðanir byggjast á hæfni og reynslu starfsmanna, markaðsupplýsingum og þeim framkvæmdaviðmiðum sem lýst er í lið 5.

Víðskiptafyrirmæli eru almennt framkvæmd svo fljótt sem kostur er og í þeirri röð sem þau berast.

## 5. Framkvæmdaviðmið

Þau framkvæmdaviðmið, sbr lið 4, sem tekin eru með í reikninginn byggjast á eftirfarandi atriðum:

- (i) einkenni víðskiptavinar, s.s. flokkun hans
- (ii) einkenni fyrirmæla víðskiptavinar

(iii) einkenni fjármálagerninga sem fyrirmælin varða

(iv) einkenni þeirra viðskiptastaða sem unnt er að beina fyrirmælum til

## 6. Viðskiptastaðir

Eftirfarandi er listi yfir þá viðskiptastaði sem ÍV notast einkum við frá og með dagsetningu stefnu þessarar:

OMX Iceland, NASDAQ, NYSE, CSE, SSE, HEX

Listinn er ekki tæmandi og ÍV áskilur sér rétt til að notast við aðra viðskiptastaði ef það auðveldar að tryggja viðskiptavinum bestu mögulegu niðurstöðu. Ef t.d. viðskiptafyrirmæli varða fjármálagerning sem skráður er erlendis, þá gæti ÍV notast við þarlandan miðlara til að framkvæma fyrirmælin á viðkomandi markaði.

ÍV leggur reglubundið mat á þá viðskiptastaði sem í boði eru með hliðsjón af þeim vörum eða afurðum sem það á viðskipti með til að velja úr þær leiðir sem gera því kleift, með reglubundnum hætti, að ná bestu hugsanlegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína. Ef slíkt mat leiðir til breytinga á listanum yfir viðskiptastaði mun hann verða uppfærður. Uppfærðan lista á hverjum tíma má finna á [www.iv.is](http://www.iv.is). Æskilegt er að kynna sér listann reglulega vegna þess að ÍV mun ekki tilkynna viðskiptavinum sérstaklega þegar breytingar eru gerðar á honum.

ÍV skiptir ekki umboðslaunum sínum eða gerir þau upp á þann hátt að viðskiptastöðum sé mismunað.

Ef engum skipulögðum verðbréfamarkaði eða markaðstorgum fjármálagerninga er til að dreifa í lista yfir viðskiptastaði með viðkomandi fjármálagerning kunna pantanir viðskiptavina að vera framkvæmdar utan þeirra.

## 7. Val á viðskiptastað

Með fyrirvara um ákveðin fyrirmæli sem viðskiptavinir kunna að gefa (sjá lið 8 að neðan), mun ÍV velja viðskiptastað vegna framkvæmda viðskiptafyrirmæla á grundvelli einnar eða fleiri neðangreindra aðferða:

- (i) utan skipulags verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga með því að para fyrirmælin við viðskiptafyrirmæli frá öðrum viðskiptavinum ÍV.
- (ii) á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, eða í þeim tilvikum sem ÍV er ekki aðili að viðkomandi markaði eða markaðstorgi, með þátttöku þriðja aðila á grundvelli samnings um framkvæmd viðskiptafyrirmæla á viðkomandi markaði eða markaðstorgi.

## 8. Ákveðin fyrirmæli viðskiptavinar

Gefi viðskiptavinur ákveðin fyrirmæli varðandi framkvæmdina (t.d. með rafrænum fyrirmælum) mun ÍV framkvæma viðskiptin í samræmi við þau. Ef ákveðin fyrirmæli viðskiptavinar ná aðeins til takmarkaðs þáttar af framkvæmdinni, mun ÍV framkvæma aðra þætti á grundvelli þessarar stefnu.

Viðskiptavinum ÍV á að vera það ljóst að með því að gefa ákveðin fyrirmæli um framkvæmd einstakra viðskipta, gæti slíkt hindrað að fylgt sé þeim reglum og viðmiðum sem fram koma í stefnu þessari og sett eru til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskipta.

### **9. Móttaka og miðlun fyrirmæla**

Með fyrirvara um ákveðin fyrirmæli sem viðskiptavinur kann að gefa sbr. lið 8, er ÍV heimilt að miðla fyrirfélum hans um framkvæmd viðskipta til þriðja aðila, t.d. miðlara, til að framkvæma viðskiptin. Með slíkri framkvæmd ber ÍV að gæta þess að hún þjóni hagsmunum viðskiptavinar sem best og leggja til grundvallar hlutfallslegt mikilvægi allra þátta og viðmið um framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

### **10. Eftirlit og endurskoðun**

ÍV mun hafa eftirlit með hversu vel stefna þessi reynist og verður hún endurskoðuð með reglubundnum hætti, að lágmarki árlega.

ÍV mun ekki tilkynna viðskiptavinum sérstaklega um breytingar sem gerðar eru á stefnunni heldur verður hún uppfærð á vefsvæðinu [www.iv.is](http://www.iv.is).